

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 1119 — 700. mál.

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um þátttöku Landsvirkjunar í menningartengdu starfi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu miklum fjármunum hefur Landsvirkjun varið til menningarstarfsemi og menningartengdra verkefna, í eigin nafni og í samvinnu við aðra, á árabílinu 1998–2002, sundurliðað eftir árum og verkefnum?
2. Hvaða opinber og hálfopinber fyrirtæki og stofnanir hefur Landsvirkjun styrkt fjárhagslega á árabílinu 1998–2002, sundurliðað eftir árum og verkefnum?

**Skriflegt svar óskast.**